



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2014

1410097SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. til br. á tekjustofnalögum, 366. mál

Vísað er til frumvarps sem umhverfis- og samgöngunefnd hefur nú til umfjöllunar, um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sambandið styður þær breytingar sem eru lagðar til í frumvarpinu og hefur átt aðkomu að gerð þess. Mikilvægt er að frumvarpið verði að lögum á haustþingi.

Í frumvarpinu er kveðið á um þrenns konar breytingar á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Er þar í fyrsta lagi um að ræða fjölgun nefndarmanna um tvo í ráðgjafarnefnd ráðherra skv. 15. gr. laganna, í öðru lagi bráðabirgðaákvæði um mildun áhrifa breyttrar aðferðafræði við fasteignamat atvinnuhúsnæðis á álagðan fasteignaskatt og í þriðja lagi bráðabirgðaákvæði um greiðslu sérstaks framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til mildunar á tekjutapi sveitarfélaga vegna ákvæða laga nr. 40/2014, um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.

Bæta þarf verklag við breytingar á tekjustofnalögum

Ástæða er til þess að gagnrýna þann mikla og óútskýrða drátt sem varð á framlagningu málsins á Alþingi. Það er því miður alltof algengt að þingmál um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga séu lögð fram á síðustu vikum haustþings þannig að sveitarstjórnnum gefist ekki hæfilegur tími til þess að koma á framfæri athugasemdum við þau. Þetta verklag er í miklu ósamræmi við þær kröfur sem gerðar eru til sveitarstjórna um afgreiðslu fjárhagsáætlana fyrir næsta ár, en eðli máls samkvæmt geta slíkar lagabreytingar haft umtalsverð áhrif á forsendur fjárhagsáætlana.

Að áliti sambandsins gæti verið ástæða til þess að setja ákvæði í lög um að slík frumvörp þurfi að vera komin fram fyrir ákveðinn tíma, t.d. 1. október, og að óska þurfi eftir afbrigðum ef einhverjum ástæðum er talin nauðsyn á að víkja frá þeirri reglu.

Áhrif frumvarpsins á sveitarfélög

Eins og fram kemur í fylgiskjöllum með frumvarpinu hefur frumvarpið nær eingöngu jákvæð áhrif á sveitarfélögin, eins og nánari grein verður gerð fyrir:

Um 1. gr. - Fjöldun í ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Þeir fjórir fulltrúar sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir í nefndina hafa til þessa allir komið frá sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga hefur aukið vægi sjóðsins fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og er gert ráð fyrir því að



fjölgun í nefndinni um tvo fulltrúa gefi svigrúm til að mæta þeirri þróun, þannig að einn fulltrúi verði frá Reykjavíkurborg og einn frá sveitarfélögum í Suðvesturkjördæmi. Þessi breyting er þannig til þess fallin að breikka aðkomu sveitarfélaga að málefnum sjóðsins og vonandi auka jafnframt sátt meðal sveitarfélaga um starfsemi hans.

Um 2. gr. a. – Breytt aðferðafræði við fasteignamat á atvinnuhúsnæði

Hin breytta aðferðafræði sem Þjóðskrá Íslands kynnti í júní sl. hefur lengi verið baráttumál sveitarfélaga. Sambandið hefur átt viðræður við innanríkisráðuneytið, Þjóðskrá Íslands og Samtök atvinnulífsins um þörf fyrir aðlögunartíma að þessum breytingum. Niðurstaða þeirra viðræðna var eins og fram kemur í frumvarpinu að hægja lítillega á innleiðingu breytinganna. Hækkun fasteignaskatts verður því 150 m.kr. árið 2015, í stað 1.640 m.kr., sem hún annars hefði orðið, og 1.452 m.kr. árið 2016, í stað 435 m.kr. Frá og með álagningu árið 2017 tekur hin breytta aðferðafræði síðan að fullu til framkvæmda, sem eykur tekjur sveitarfélaga umtalsvert til framtíðar lítið.

Um 2. gr. b. – Sérstök jöfnunarframlög vegna bankaskatts

Frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017 mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fá auknar tekjur sem nemur 2,12% af innheimtum tekjum ríkissjóðs af bankaskatti, eins og á við um allar skattekjur ríkissjóðs. Alls er áætlað að þessi tekjuaukning nemi um 2,4 milljörðum króna. Ef engar breytingar eru gerðar á tekjustofnalögum myndi þessi tekjuaukning væntanlega leiða til hækkunar á útgjaldajöfnunarframlagi og þar með hækkunar tekna þeirra sveitarfélaga sem fá slíkt framlag.

Við núverandi aðstæður þykir eðlilegast að þessum tekjuauka verði frekar ráðstafað til allra sveitarfélaga, til þess að bæta þeim þá lækkun á útsvarstekjum sem fyrirséð er að þau muni verða fyrir á árunum 2014-2017 vegna laga nr. 40/2014, um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Samkvæmt þeim lögum mun heimild launþega til þess að nýta viðbótariðgjald vegna launagreiðslna til lækkunar húsnæðislána eða til öflunar eigin húsnæðis leiða af sér verulega lækkun útsvarstekna fyrir sveitarfélögin, sem áætlað er að nemi um 3,9 milljörðum króna.

Sambandið er sammála þeirri leið sem lögð er til í frumvarpinu, að umræddum tekjuauka vegna bankaskatts verði dreift til sveitarfélaga á grundvelli hlutdeildar sveitarfélaganna í heildarútsvarsstofni næstliðins árs.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri